

**Ed.**

**228. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin athugað og fellst á það, að rjett sje að sektir þær, sem tilskipunin frá 1849 ræðir um, sjeu nú orðið alt of lágar, miðað við breytingar þær, sem orðnar eru á gildi peninga; en þetta er aðalatriðið í frumvarpinu. Leggur því nefndin til, að frumvarpið sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. mars 1925.

Eggert Pálsson,  
form.

Hjörtur Snorrason,  
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson,  
frsm.